

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr.
 - a. B-liður falli brott.
 - b. Í stað orðanna „skilyrðum 5. og 6. tölul.“ í efnismálgrein c-liðar komi: skilyrði 5. tölul.
2. Við 5. gr. Í stað 1. og 2. másl. b-liðar komi nýr másl. b-liður, svohljóðandi: Prófraun til öflunar lögmansréttinda skal bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmansstarfa, þar á meðal siðareglna lögmanna.
3. Í stað orðanna „40 mál“ í 3. tölul. a-liðar 6. gr. komi: 30 mál.
4. 1. másl. 4. efnismgr. 7. gr. falli brott.
5. Við 8. gr.
 - a. Við lokamálslið 2. efnismgr. bætist: enda hafi hún verið verulega yfirgripsmikil og leiði í ljós misfellur í starfi.
 - b. Orðin „sbr. þó 4. mgr.“ í 3. efnismgr. falli brott.
 - c. 4. efnismgr. falli brott.
6. Í stað orðanna „5. mgr.“ í 1. efnismgr. 11. gr. komi: 4. mgr.
7. 2. efnismásl. a-liðar 18. gr. falli brott.
8. Við 20. gr. bætist þrjár nýjar málgreinar, svohljóðandi:

Skipað skal í fyrsta sinn í prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. laganna þegar skipunartími prófnefndar sem skipuð var samkvæmt eldra ákvæði rennur út.

Sá sem hefur við gildistöku laga þessara fengið viðurkenningu prófnefndar á prófmáli til flutnings fyrir Hæstarétti í samræmi við ákvæði 9. gr. laganna skal eiga þess kost að ljúka prófraun samkvæmt eldri reglum fyrir 1. desember 2005, enda hafi umsókn um viðurkenningu prófnefndar á síðara prófmáli borist nefndinni fyrir 10. nóvember 2005.

Prófnefnd skv. 2. mgr. 9. gr. laganna skal starfa til 30. nóvember 2005.

Endurprentað upp.